

Skýrsla eineltisteymis  
Fjölbautaskólinn við Ármúla  
Skólaárið 2011-2012

Á haustmánuðum 2011 var stofnað eineltisteymi innan skólans að frumkvæði skólastjórnenda. Eineltisteymið samanstendur af eftirfarandi aðilum: Ólafur H. Sigurjónsson, aðstoðarskólameistari, Hrönn Baldursdóttir, náms- og starfsráðgjafi, Eiríkur Brynjólfsson, kennslustjóri almennar- og framhaldsskólabrautar og undirrituð, Hildur Jóhannsdóttir, formaður teymisins, fagstjóri í uppeldisfræði, sálfræði og lífsleikni.

Nokkur mál komu upp innan skólans sem eineltisteymið tók fyrir. Flest þeirra tengdust samskiptum nemenda innbyrðis og greinileg merki voru um eineltistilburði samkvæmt skilgreiningu skólans á einelti ([sjá nánar hér](#)).

Eineltisteymið brást við með hliðsjón af yfirlýstri viðbragðsáætlun skólans. Málum var fylgt eftir yfir ákveðinn tíma og þeir sem áttu hlut að máli voru upplýstir um eftirfylgnina. Í öllum tilvikum höfðu aðgerðir teymisins tilætluð áhrif, í sumum tilvikum strax en í öðrum tilvikum þurfti eftirfylgni yfir lengri tíma svo eineltinu lyki.

Í einhverjum tilfellum komu upp flókin mál þar sem utanaðkomandi aðilar brutu á nemendum skólans innan skólalóðarinnar ýmist í slagtoگی með samnemendum fórnarlambanna eða ekki. Í þeim tilvikum var málum vísað annars vegar til lögreglu og hins vegar til áfallaráðs skólans ([sjá nánar hér](#)) og eða hjúkrunarfræðings ásamt því að eineltisteymið fylgdi eftir nemendum skólans sem hlut áttu að máli. Í þessum tilvikum var um harkalegri mál að ræða og mikilvægt þegar slíkt kemur upp að teymi/ráð innan skólans sem vinna að hag nemenda séu virkjuð.

Á vormánuðum sendi eineltisteymi skólans frá sér umsókn í sprotasjóð. Kveikjan að umsókninni lá í þeim málum sem komu inn á borð teymisins. Okkur var umhugað um samskipti milli nemenda okkar sem eru ólíkir á margan hátt og því sóttum við um styrk til að rannsaka líðan nemenda og samskipti milli ólíkra hópa innan skólans sem mögulega gætu bent til eineltis.

Því miður fékk skólinn ekki úthlutun úr Sprotasjóði vegna þessa verkefnis en við höldum hugsuninni á lofti og stefnum á að skoða þessa hluti og leitast við að efla enn frekar menningu innan skólans og þeirra ólíku hópa sem taka þátt í starfi hans.

Starfið næsta haust:

Í upphafi skólaárs er lagt til að eineltisteymi skólans kynni starf sitt og markmið fyrir stjórnendum, kennurum, starfsfólki og nemendum skólans. Áfram verður lögð áhersla á samvinnu mismunandi aðila/sérfræðinga/ráða innan skólans sem vinna að hag nemenda. Málstaðurinn verður gerður sýnilegur með einhverjum hætti t.d. með þátttöku í „dagur gegn einelti“ þann 8. nóvember nk.

Teymið kemur til með að funda mánaðarlega á komandi skólaári en oftast ef sérstök mál koma upp.

f.h. eineltisteymis,  
Hildur Jóhannsdóttir